



Akraneskaupstaður

**Akraneskaupstaður**  
**bæjarráð**  
**Stilholti 16-18**  
**300 Akranes**

Akranesi, 9. mars 2017  
1611077 VJ

**Efni: Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja - fimleikahús á Akranesi**

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var þann 7. mars 2017, var fjallað um uppbyggingu á fimleikahúsi.

Bæjarráð óskaði eftir umsögn skóla- og frístundaráðs varðandi tillögu skipulags- og umhverfisráðs um uppbyggingu á fimleikahúsi við hlið núverandi íþróttahúss á Vesturgötu.

*Skóla- og frístundaráð tekur undir tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að fimleikahús verði byggt við hlið íþróttahússins við Vesturgötu. Helstu rökin fyrir því eru:*

*-Brýnt er að bæta aðstöðu fimleikafélagsins sem er með óviðunandi æfingaaðstöðu í húsnæði við Dalbraut 6 og íþróttahúsin sem fyrir eru uppfylla ekki þörf aðgengilegra æfingatíma miðað við fjölda iðkenda og aðra hópa sem nýta húsin.*

*-Það fjármagn sem þegar er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þessa árs og þess næsta eða samtals 450 milljónir, fjármagnar að stærstum hluta þann kostnað sem áætlaður er við byggingu fyrirhugaðs fimleikahúss miðað við staðsetningu á Vesturgötu.*

*-Ljóst er að nýtt fimleikahús getur haft jákvæð áhrif á skólastarf í Brekkubæjarskóla og fyrir íbúa í þeim bæjarhluta.*

*Skóla- og frístundaráð leggur jafnframt til að hafin verði vinna sem allra fyrst við þarfagreiningu, hönnun og gerð uppbyggingaráætlunar um framtíð íþróttamiðstöðvar á Jaðarsbökkum og tryggt verði fjármagn til þeirrar vinnu.*

*Samþykkt ÞG,SI, ÁÓR, SIG á móti KHS.*



Akraneskaupstaður

*KHS lagði fram eftirfarandi bókun:*

*Fulltrúi Samfylkingarinnar tekur undir að brýnt sé að bæta aðstöðu fimleikafélagsins og fagnar því að ráðist verði í byggingu fimleikahúss. Samfylkingin á Akranesi vill hins vegar að uppbygging fimleikahúss verði á Jaðarsbökkum. Við tökum undir sjónarmið Íþróttabandalags Akraness um að byggja Jaðarsbakka upp sem íþróttamiðstöð Akraness og að þar verði lífleg íþrótt- og menningarmiðstöð sem þjóni fjölbreyttum hópum með ólíkar þarfir. Samfylkingin á Akranesi telur að með byggingu fimleikahúss við Vesturgötu tejjist nauðsynleg uppbygging á Jaðarsbökkum og tækifæri til samnýtingar fjármagns glattist.*

*Valgerður Janusdóttir*

Valgerður Janusdóttir

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs